

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1770 frá 12. september 2023 um ákvæði um loftfarsbúnað, sem krafist er við notkun samevrópska loftrýmisins, og um starfrækslureglur í tengslum við notkun samevrópska loftrýmisins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 29/2009 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1206/2011, (ESB) nr. 1207/2011 og (ESB) nr. 1079/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1770 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ⁽²⁾ og framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011 ⁽³⁾, (ESB) nr. 1207/2011 ⁽⁴⁾ og (ESB) nr. 1079/2012 ⁽⁵⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella þær brott úr samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 66wo (fellur brott):

„66wp. **32023 R 1770:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1770 frá 12. september 2023 um ákvæði um loftfarsbúnað, sem krafist er við notkun samevrópska loftrýmisins, og um starfrækslureglur í tengslum við notkun samevrópska loftrýmisins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 29/2009 og framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 1206/2011, (ESB) nr. 1207/2011 og (ESB) nr. 1079/2012 (Stjtið. ESB L 228, 15.9.2023, bls. 39).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 228, 15.9.2023, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 35.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 14.

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í lið AUR.COM.2001 í 1. bálki I. viðauka, er orðunum „, flugupplýsingasvæði Polaris (FIR) norðan við 61°30“ bætt við á eftir orðunum „efra flugupplýsingasvæði Finnlands (UIR) norðan við 61°30“.

2. Texti liða 66we (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1079/2012), 66wg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009), 66wj (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2011) og 66wl (framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1770, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.